

Skýrsla um kynjasambættingu í félagsstarfi í Hlíð

4H aðferðin



15. júlí 2013

Skýrsluhöfundar:

Friðný B. Sigurðardóttir
Helga G. Erlingsdóttir

Gagnaöflun:

Auður I Jóhannesdóttir
Ásdís Sæmundsdóttir
Magga Kristín Björnsdóttir
Sólveig Jónasdóttir

Efnisyfirlit

Inngangur	3
Kortlagning og greining	4
Hverjir njóta þjónustu og hverjir taka ákvarðanir?	4
Hvaða gæði og úrræði eru í boði fyrir karla og konur?	5
Niðurstöður	6
Hvaða kynjamynstur sjáum við?	6
Er þörfum og tækifærum kvenna og karla mætt?	7
Eru málefnalegar skýringar á bak við það kynjamynstur sem komið er í ljós?	7
Aðgerðir	8
Hvernig getum við bætt stöðuna?	8
Samantekt	8

Inngangur

Haustið 2012 var fræðsla á vegum Jafnréttisstofu fyrir stjórnendur Akureyrarbæjar um kynjasambættingu og staðalímyndir. Í framhaldi af fræðslunni var skipaður starfshópur stjórnenda sem fór í ýmis verkefni á sínum vinnustöðum og er þessi skýrsla byggð á slíku verkefni. Stjórnendahópurinn hefur hist reglulega á fundum þar sem jafnréttisfulltrúi Ak.bæjar, Katrín Björk Ríkharðsdóttir hefur stýrt þeim og fengið fulltrúa frá Jafnréttisstofu til að mæta eftir þörfum á fundina.

Hjúkrunarforstjóri ÖA og þjónustustjóri ÖA voru í starfshópnum og var í lok árs 2012 tekin ákvörðun um að skoða hvort starfsemi félagsstarfs aldraðra í Hlíð skili sér jafnt til beggja kynja og hvort aðgengi þeirra að þjónustunni sé sambærilegt.

Ákveðið var að nota 4H aðferðina og var stuðst við bókina Jöfnum leikinn, handbók um kynjasambættingu sem Jafnréttisstofa þýddi og staðfærði.


Aðferðin byggir á því að skoða **hver** fær **hvað** og á **hvaða** forsendum? Þegar búið er að greina stöðuna er spurt: **Hvernig** getum við bætt stöðuna?

Söfnun gagna fór fram á tímabilinu 15. til 31. janúar 2013.


Kortlagning og greining

Hverjir njóta þjónustu og hverjir taka ákvarðanir?


Markhópurinn er íbúar, gestir hvíldarinnlagna og dagþjónustugestir í Hlíð (notendur). Heildarfjöldi er 238 einstaklingar og er kynjahlutfallið í hópnum, 76 (32%) karlar og 162 (68%) konur.




Gestir í dagþjónustu eru 43 og þar af eru 24 konur (56%) og 19 karlar (44%).



Gestir í hvíldarinnlögn eru 26 þar af 14 konur (44%) og 12 karlar (56%).




Íbúar heimilisins eru 168 þar af 124 konur (73%) og 45 karlar (27%), samtals 237 einstaklingar.




Ákvarðanir varðandi framboð þjónustu eru í flestum tilvikum teknar af stjórnendum og starfsfólki. Ákvarðanir um nánari útfærslu eru í samráði við notendur. Notendur hafa lítið frumkvæði og þurfa mikla hvatningu til ákvarðanatöku.

Hvaða gæði og úrræði eru í boði fyrir karla og konur?



Mynd 1: Skipting tíma starfsmanna eftir virkni-tíboðum


Tíma fjöldi starfsmanna á bakvið hvert virkni tilboð er mismunandi, heildartíminn reiknast 62 klst. á viku (mynd 1). Í handverksstofu er fjölbreytt úrval handavinnu eins og útsaumur, taumálning og prjón, allt frá hönnun til lokaafurðar. Í Smiðju er unnið mest með ýmiskonar tréverk allt frá hönnun til lokaafurðar s.s. leikföng og skrautmunir, nokkurskonar verkstæði. Kaffi Sól er kaffihús sem opið er einu sinni í viku, þar er boðið uppá kaffi og meðlæti fyrir notendur og þeirra aðstandendur og vini.



Mynd 2: Fjöldi notenda eftir kyni og fjöldi tíma að baki hveju virkni tilboði

Tíma fjöldi starfsmanns á bak við hvern einstakling er mismikill eftir virkni tilboðum (mynd 2). Tímanotkun á einstakling er mest í handverksstofu sem er 1,3 klst. í Smiðju

er hún 0,3 klst., í spilum er hún 0,2 klst., í leikfimi, keilu, Kaffi Sól, bingói og söng er tímanotkunin minnst 0,1 klst..



Mynd 3: Hlutfallsleg notkun á virkni tilboðum eftir heimilum/einingum

Notkunin er misjöfn á milli heimila, hún er mest 87% í dagbjónustu og minnst 33% í Eini-Grenihlíð (mynd 3). Dagskrá félagsstarfsins er send jafnaðarlega með tölvupósti til allra heimila í Hlíð. Starfsfólk sér um koma á dagskrá atburða á framfæri og kynna fyrir notendum. Á flestum heimilum er dagskráin á upplýsingatöflum fyrir íbúa en gestir í hvíldarinnlögn fá afhenta dagskrá við komu. Hjá gestum í dagbjónustu sér starfsfólkið í samvinnu við notendur um að kynna og hvetja til þátttöku. Einnig er notast við kallkerfi skömmu áður en viðburður hefst. Einstöku sinnum er tölvupóstur sendur til aðstandenda notenda þegar þeir óska eftir því, t.d. þegar aðstandendur vilja taka þátt í dagskránni með sínum ástvini.

Niðurstöður

Hvaða kynjamynstur sjáum við?

- ✓ Í leikfimi, spilum og bingói eru kynjahlutföll nokkuð jöfn sem bendir til að þessi virkni tilboð höfði frekar til karla en kvenna þar sem karlar eru 32% af markhópnum.
- ✓ Niðurstöður benda á að 58% af heildartíma starfsmanna í virkni tilboði er í handverksstofu þar sem notendur eru 26 konur og 2 karlar, þ.e. 93% konur

þær eru 67% af markhópnum. Þetta er virkni tilboð sem fær mestan tíma starfsmanna og höfðar nær eingöngu til kvenna.



- ✓ Í Smiðju eru karlar 83% notenda. Þegar Smiðjan var sett á laggirnar voru notendur virkir þátttakendur í mótun starfseminnar og voru karlar í meirihluta. Konur hafa umsjón með starfinu með aðstoð sjálfboðaliða af báðum kynjum.
- ✓ Leikfimi, spil, smiðja, keila og bingó eru virkni tilboð sem virðast höfða til karla frekar en til kvenna. Þessi tilboð eru 25% af heildartímafjöldi virkni tilboða.
- ✓ Handverksstofa, Kaffi Sól og söngur höfða meira til kvenna en karla. Þessi tilboð eru 75% af heildartímafjöldi virkni tilboða.
- ✓ Starfsmenn félagsstarfs eru allt konur. Ekki virðist skipta máli af hvaða kyni starfsmenn eru, heldur virðist það innihald virkni tilboðsins og þekking þeirra og færni sem hefur áhrif á þátttökuna í hverju virkni tilboði.

Er þörfum og tækifærum kvenna og karla mætt?

Tækifæri í félagsstarfi eru til staðar fyrir bæði kynin. Niðurstöður gefa til kynna hefðbundið kynjamynstur þ.e. hvaða virkni tilboð höfða til kynjanna. Konur velja frekar þrjóna, sauma, kaffihús og söng. Karlar velja hins vegar meiri virkni „að gera“ eins og smíðar, keilu, leikfimi, bingó og spil.

Eru málefnalegar skýringar á bak við það kynjamynstur sem komið er í ljós?

Virkni tilboð eru fyrir bæði kynin. Karlar eru 39% notenda og konur eru 61% notenda. Kynjahlutföll markhópsins er 32% karlar og 68% konur. Af þessu má sjá að karlar eru hlutfallslega virkari þátttakendur í virkni tilboðum (sjá mynd hér fyrir neðan).



Aðgerðir

Hvernig getum við bætt stöðuna?

- ✓ Sameina starfsstöðvar sem veita almenna og sértæka þjónustu í iðju og félagsstarf í eina starfsstöð. Starfsmenn eru leiðbeinendur í félagsstarfi annars vegar og iðjupjálfar hins vegar.
- ✓ Vera með öfluga kynningu á virkni tilboðum fyrir markhóp og notendasamráð verði bætt. Nota upplýsingatæknimiðla til að ná til allra, einnig til starfsmanna og aðstandenda.
- ✓ Samkvæmt greiningunni er tími starfsmanna mestur í handverksstofu, skoða þarf nánar tímanotkunina. Þar er fámennur og einsleitur hópur að fá tiltölulega mikla þjónustu. Í flestum tilvikum eru þetta einstaklingar sem eru færir um að bera sig eftir þeim virkni tilboðum sem í boði eru.
- ✓ Stór hluti af markhóp, sérstaklega í hvíldarinnlögnum, Aspar-Beyki-Eini-Greni-Víði-Furu-Reyni- og Skógarhlíð eru mun minna að nota miðlæg virkni tilboð. Koma þarf til móts við þessa einstaklinga með því að kynna og hvetja íbúana enn frekar eða færa virkni tilboðin inn á heimilin á einhvern hátt.
- ✓ Greining á óskum og þörfum nýrra íbúa varðandi virkni tilboð verði í höndum iðjupjálfa frá haustinu 2013.
- ✓ Framkvæma stöðumat með 4H aðferðinn í janúar 2014.

Samantekt

Það kemur á óvart að karlar eru virkari notendur virkni-tilboða en konur, þrátt fyrir að aðeins 25% af heildartíma virkni tilboða sem þeir sækja höfði til þeirra á meðan 75% virkni tilboða höfðar til kvenna.

Með áðurnefndum aðgerðum er ætlunin að kynna og þróa virkni tilboð enn betur og aðlaga að óskum og þörfum markhópsins. Gert verður stöðumat í síðari hluta janúar 2014 og skoðað hvernig til hefur tekist með þær breytingar sem þá verða komnar í framkvæmd. Niðurstöður verði nýttar til ákvörðunar um framhaldið.

Áherslur á Öldrunarheimilum Akureyrar eru:

Að einstaklingurinn eigi sér líf sem hann sjálfur metur gott.